



Skólaráðsfundur 28.nóvember 2013

Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Ástríður Sigurðardóttir kennari, Guðrún Guðmundsdóttir kennari, Jenný Þ. Magnúsdóttir formaður foreldrafélagsins, Redife Dino Osmani foreldri, Kristján Carlsson Granz foreldri, Hulda María Þorbjörnsdóttir starfsmaður, Viðar Páll Traustason formaður nemendafélags skólans, Snjólfur Marel Stefánsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari), Baldur Rafn Sigurðsson boðaði forföll.

1. Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk voru kynntar fundarmönnum og farið yfir framfarir nemenda og framtíðarsýn sem við í Njarðvíkurskóla höfum sett okkur með okkar nemendum.
 - a. Umræður um hvernig unnið er úr prófunum og hvernig við kynnum nemendum niðurstöður prófanna
 - b. Umræður um viðurkenningu sem bæjarstjóri veitir þeim nemendum sem eru í 10 % efstu hundraðsröð á samræmdum prófum.
2. Ásgerður kynnti Skólapúlsinn sem er tæki sem við notum til sjálfsmats. Í því eru nemendakannanir, foreldrakannanir og starfsmannakannanir.
 - a. Umræður um hvernig þetta er kynnt foreldrum og sagði Ásgerður að sjálfsmatsskýrsla fyrir skólann er í vinnslu og verður kynnt fyrir skólaráði á næsta fundi.
3. Ásgerður kynnti prófatöflu sem er fyrir haustönnina og hvaða kosti hún hefur bæði fyrir nemendum og kennara.
4. Ásgerður fór yfir skipulag í desember í skólanum.
5. Ásgerður fór yfir þær skimanir sem kennslufulltrúar Fræðsluskrifstofunnar leggja fyrir nemendum sem og skimanir sem kennarar leggja fyrir. Það eru t.d. Leið til læsis sem er lagt fyrir í 1. bekk og svo eftirfylgniþróf í 2.-4. bekk, Talnalykill í 3. og 6. bekk og Logoskimun í 3., 6. og 9. bekk. Einnig farið yfir hvernig við vinnum úr niðurstöðum svo allir nemendur fái nám við hæfi og einnig þá nemendur sem fá einstaklingsáætlun eftir fund með foreldrum sem hefur gefist mjög vel.
6. Önnur mál:
 - a. Rætt um jákvæðan skólabrag sem stjórnendur upplifa í skólanum meðal nemenda og starfsmanna.
7. Næsti fundur verður á nýju ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Guðný Karlsdóttir ritaði fundargerð